

## Járnbrautarmálið.

Mig furðar á hvað lítill áhugi kemur fram á þingmálafundunum, þegar járnbrautarmálið er nefnt. Og þó mætti víst með nokkrum sanni segja, að með járnbraut austur í bestu sveitir landsins, verði gerð úrslitatilraun um, hvort þetta land sje byggilegt eða ekki. Nú hefur verið að birtast skýrsla frá landsverkfræðingnum, Jóni Þorlákssyni, um þetta mál, bygð á miklum rannsóknum. Var mjer það gleðiefni að sjá að landsverkfræðingurinn hyggur að brautin muni svara kostnaði. Og ætli það yrði ekki nokkuð fljótt, sem samgöngurnar, þrefölduðust eftir að brautin væri komin á, að minsta kosti sumar, eða jafnvel meir en þrefölduðust; því að margur mundi líklega vilja sjá Geysi og oft, sem nú sjaldan eða aldrei geta komið slíku við. Ekki er heldur ólíklegt, að margir mundu vilja liggja úti einhvern tíma sumarsins, þegar miklu hægra yrði að koma slíku við. Og gagnið sem af því gæti orðið, er ervitt að meta til peninga.

Óskandi væri, að rafmagn yrði notað á þessari braut, jafnvel þó að það yrði dýrara. Það er einhvernveginn svo leiðinlegt á þessu vatnsaflslandi, að vera að nota kol, þar sem koma mætti rafmagni við; og má þó búast við, að það verði stríðir straumar gegn þeim, sem ekki vilja kolin, þar sem þar er í veði svoltiði af stundarhag mjög auðugra og voldugra manna, eins og sjá má á því, að kol eru seld fyrir jeg veit ekki hvort það eru 20 000 miljónir króna á ári; en það mun gefa einhverja hugmynd um, hvllíku fjármagni, þar er til að dreifa, og *hversvegna rafmagnid á svona merkilega erfitt uppdráttar á jörðu þessari.* En hefur það ekki, hjer í Reykjavík, þegar kostað mannlíf og einhver ósköp af höfuðverk, að menn vildu heldur kol til ljósframléiðslu en rafmagn? Jeg vona, að menn skilji, að mjer koma ekki til hugar mútur hjer, heldur óbein áhrif.

24. júní.

*Helgi Pjeturss.*

L. A. 25/6 1913